

**Landhelgissjóður Íslands**

**06 396**

**Ársreikningur 2020**

## **Efnisyfirlit**

### **Bls.**

Skýrsla og áritun forstjóðumans .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Landhelgissjóður Íslands**  
**kt. 710169-5869**  
**Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Meginstarfsemi Landhelgissjóð Íslands er að halda utan um sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni sem rennur til sjóðsins og hlut Landhelgisgæslu Íslands af björgunarlaunum. Fé úr Landhelgissjóði skal varið til að fjármagna kaup eða leigu á skipum, loftförum eða öðrum tækjum til að sinna verkefnum Landhelgisgæslu Íslands.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 181,7 milljónir og afkoma kr. 119,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -62,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 4.220,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landhelgissjóður Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landhelgissjóður Íslands fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Pétur U. Fenger

Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	181.700.000	0
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	0	390.326
<b>Tekjur samtals</b>		<b>181.700.000</b>	<b>390.326</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....	4	0	56.306.873
Annar rekstrarkostnaður .....	5	62.325.482	29.737.192
<b>Gjöld samtals</b>		<b>62.325.482</b>	<b>86.044.065</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>119.374.518</b>	<b>(85.653.739)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	6	318.585	1.987.235
		318.585	1.987.235
<b>Afkoma ársins</b>		<b>119.693.103</b>	<b>(83.666.504)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(80.506.897)	10.109.923
Fjármagnstilfærslur .....		200.200.000	(93.776.427)
		<b>119.693.103</b>	<b>(83.666.504)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	4.207.685.489	1.944.906.782
Handbært fé .....		12.603.533	67.355.037
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>4.220.289.022</u>	<u>2.012.261.819</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>4.220.289.022</u>	<u>2.012.261.819</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		(61.959.630)	(181.652.733)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(61.959.630)</u>	<u>(181.652.733)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	34.100	0
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	9	4.282.214.552	2.193.914.552
<b>Skuldir samtals</b>		<u>4.282.248.652</u>	<u>2.193.914.552</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>4.220.289.022</u>	<u>2.012.261.819</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	10		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		119.693.103	(83.666.504)
		<u>119.693.103</u>	<u>(83.666.504)</u>
		<u>119.693.103</u>	<u>(83.666.504)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		(2.262.744.607)	(1.936.087.517)
Fjárfestingarframlag .....		2.088.300.000	2.000.000.000
		<u>(174.444.607)</u>	<u>63.912.483</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(54.751.504)	(19.754.021)
Handbært fé í byrjun árs .....		67.355.037	87.109.058
		<u>12.603.533</u>	<u>67.355.037</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af tekjum vegna björgunar skipa.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Skýringar

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	181.700.000			
	<u>181.700.000</u>	0		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	<b>Rekstur</b>	<b>Rekstrar- tilfærslur</b>	<b>Fjármagns- tilfærslur</b>	<b>Samtals</b>
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	(18.500.000)	0	18.500.000	0
Fjáraukalög .....	0	0	181.700.000	181.700.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>(18.500.000)</b>	<b>0</b>	<b>200.200.000</b>	<b>181.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(62.006.897)	0	0	(62.006.897)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(80.506.897)</b>	<b>0</b>	<b>200.200.000</b>	<b>119.693.103</b>
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>				
Ýmsar tekjur .....			0	390.326
			<u>0</u>	<u>390.326</u>
<b>4 Framlög og tilfærslur</b>				
Fjármagnstilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....			0	56.306.873
			<u>0</u>	<u>56.306.873</u>
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>				
Sérfræðiþjónusta .....			1.927.185	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta			1.927.185	0
Verkkaup .....			3.688.325	0
Kostnaðarhlutdeild .....			56.639.883	0
Opinber gjöld .....			70.089	437.192
Tilfærslur .....			0	29.300.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.			60.398.297	29.737.192
Annar rekstrarkostnaður samtals			<u>62.325.482</u>	<u>29.737.192</u>
<b>6 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður</b>				
Ýmsar fjármunatekjur .....			318.585	1.987.235
			<u>318.585</u>	<u>1.987.235</u>

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>7 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	4.207.685.489	1.944.906.782
	<u>4.207.685.489</u>	<u>1.944.906.782</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	34.100	0
	<u>34.100</u>	<u>0</u>

## 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(181.652.733)	(97.986.229)
Afkoma ársins .....	119.693.103	(83.666.504)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(61.959.630)</u>	<u>(181.652.733)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## 9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	4.282.214.552	2.193.914.552
	<u>4.282.214.552</u>	<u>2.193.914.552</u>
	<b>Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga</b>	<b>Fjárfestinga-fjárveiting</b>
Staða 1.1. ....	0	2.193.914.552
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	2.088.300.000
	<u>0</u>	<u>4.282.214.552</u>
	<b>Samtals frestaðar tekjur</b>	<b>2.193.914.552</b>
	<u>0</u>	<u>2.088.300.000</u>
	<u>0</u>	<u>4.282.214.552</u>

## Skýringar

### 10 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Engir skuldbindandi samningar hjá stofnuninni.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.